

Ferð með "Flökkurum" í Flatey 19.-21. júlí '98.

Það var ekki hlýndum fyrir að fara föstudagskvöldið 19. júlí s.l. þegar "Flakkarar" tóku að hópast saman við Hólkot í Aðaldal til að taka þátt í Flateyjarferð daginn eftir. Hitinn undir 10°, norðankaldi og þokuruðningur til hafsins, ^{þess} og allir vita lætur þessi þjóðflokkur ekki veðrið aftra sér för og var mæting mjög góð og margir nokkuð langt að komnir.

Ekkert markvert bar til tíðinda þá um kvöldið. Fólk var að heilsast og spjalla saman eins og venja er þegar við komum saman. Ferðanefnd (þ.e.a.s. karlkynið) hafði daginn áður smíðað ferða-fánastöng þar sem ótækt þótti að láta félagsfánann alltaf dingla utan á bilnum hjá Valgeiri, og var hún nú sett upp, þótt málningin væri varla þurr, og fáninn dreginn að hún. Einhverjum efasemdarsvip brá fyrir á andlitum sumra viðstaddra er þeir litu fyrirbærið, en hann hvarf fljótt er þeir sáu hversu reisuleg hún var og haganlega gerð. Nokkrir áhugasamir veiðimenn æfðu köst í vatninu og einn fiskur villtist á öngulinn hjá Bebbu.

Um tíuleytið morguninn eftir var svo lagt af stað til Húsavíkur. Var það friður bilafloði sem renndi inn í bæinn og á tjaldstæðið. Þar var fánastöngin auðvita reist aftur og flaggað svo að allir þeir, sem framhjá færu sæju hverjir hér væru á ferð. Síðan vatt ferðanefnd sér í það að athuga hvort nokkrir annmarkar væru á því að fara út í eyjuna, og var svo ekki. Var nú ekki til setunnar boðið og þyrptust nú bilarnir á bryggjuna og fólk dreif sig um borð. Klætt vetrarúlpum, kuldagöllum og vettlingum. Heldur var nú nóturlegt að standa úti á dekki í norðankaldanu, en hvað, ekki mátti missa af því ef eitthvert stórhveli ræki nú sporðann upp úr hafinu!

Reyndar sáum við nokkrar hnisur og eina eða tvær hrefnur. Það er að segja þeir sem komust áfallalaust á milli borðstokkanna fyrir veltingnum, en leiðsögumaðurinn var ótull við að benda okkur á skepnurnar og notaði þá klukkuskífuna sem n.k. áttavita og kallaði t.d. 9.30 eða 13.50 var það þá stefnan sem dýrið var : miðað við að kl.12.00 væri beint fram.

Okkur hafði verið sagt að við gætum fengið kaffi og brauð um borð og hugðust nú margir notfæra sér það og fá sér smá yl í kroppinn, en viti menn, kaffið var búið, vöflurnar uppseldar og kokkurinn orðinn sjóveikur. Var það held ég eina tilfellið í ferðinni, því fólk var með afbrigðum sjóhraust. Við fregnuðum það síðar að þetta hefði verið fyrsta ferð aumingja stúlkunnar í þessu starfi.

"Nú, jæja", eitthvað snarl var nú í þessum skjóðum sem allir voru með svo enginn þurfti að liða neyð í bráð.

Eftir u.þ.b. tvo tíma vorum við komin að eyjunni og "Moby Dick" lagðist að bryggju með þessa ævintýra þyrstu ferðalanga. Gengum við nú frá borði og för áhöfnin með okkur í land og sýndi okkur hvaða leið við skyldum fara og fengum við tvo tíma til að ganga um staðinn. Besta veður var nú komið, stillt en fremur þungbúið og þokuslæðingur í kring svo litið skyggni var til lands, þó grillti í bæina á Flateyjarðalnum. Þarna er án efa mjög fagurt útsýni í björtu veðri. Héldum við síðan upp á eyjuna, framhjá yfirgefnum fiskverkunarhúsum og öðrum niðurnýddum mannvirkjum á bryggjusvæðinu og áleiðis að vitanum. Þar standa tvö steinhús vel við haldið og reisuleg. Meðan við stöldruðum þarna við kom út til okkar eldri maður sem bjó þarna í öðru húsinu og gaf sig á tal við okkur og fræddi okkur mikið um lífið í eyjunni fyrr og nú. Síðan var haldið að

2
kirkjunni og hún skoðuð og auðvitað urðum við líka að lita inn í samkomuhúsið sem okkur fannst bæði stórt og nokkuð nútímalegt miðað við það sem algengt var í sveitum fyrr á árum. Við róltum áfram eftir götuslóðanum og lituðumst um. Þarna mátti sjá miklar andstæður, annars vegar hús með gapandi gluggatóftir og að hrúni komin og hins vegna önnur sem hafa verið gerð upp af miklum myndarskap og bera vitni um áttahaást eigenda sinna.

Nú var tíminn floginn frá okkur og mál til komið að fara aftur um borð, en margir höfðu orð á því að hingað vildu þeir koma aftur í björtu veðri og dvelja þá lengur.

Er um borð var komið settust flestir inn í sal, líklega búnir að fá nóg af útiveru um sinn. Leiðsögumaðurinn okkar var nú kominn í hlutverk kokksins og farinn að hella á könnuna og fengu nú allir langþráðan kaffisopa.

Fljótlega færðist væð yfir mannskapinn og fengu sumir sér góðan blund á landstíminu en aðrir tóku í spil eða spjölluðu saman um það sem fyrir augu hafði borið um daginn og áður en varði vorum við aftur komin að bryggju á Húsavík.

Ég held að mér sé óhætt að segja að allir hafi verið ánægðir með daginn þrátt fyrir að veðrið væri ekki uppá það besta, en veðurguðirnir eru vist ekki ennþá gengnir í húsbilafélagið.

Þökkum við svo félögum okkar ánægulega samfylgd.

Félagar á F 182.